

# SPILLING – ÓGN VIÐ RÉTTINDI, LÍFSKJÖR OG LÝÐRÆÐI

Íslandsdeild Transparency International, alþjóðlegra samtaka  
gegn spillingu

---



# Það sem fjallað verður um:

- Hvað er spilling?
- Hvers vegna og hvernig skaðar spilling réttindi og hagsmuni fólks?
- Hvað gera alþjóðlegu samtökin Transparency International og Íslandsdeild þeirra?
- Hvað þarf og er hægt að gera til að vinna gegn spillingu?
- Hvers vegna er mikilvægt að styðja uppljóstrara? / Ný lög um vernd uppljóstrara.
- Umræður og spurningar.

# Hvað er spilling og hvernig birtist hún?

Transparency International skilgreinir spillingu sem misbeitingu valds í þágu einkahagsmuna. (e. Abuse of entrusted power for private gain).

- Stjórnmal / Stjórnsýsla (ríki og sveitarfélög) / Viðskiptalíf.
- Spilling virðir engin landamæri og er mjög mikil samfélagsleg meinsemd hvarvetna í heiminum. Ísland er engin undantekning frá því. Reglulega koma upp mál í íslensku samfélagi sem sýna það og sanna svo að ekki verður um villst.
- Smáspilling, stórspilling. – Tengslaspilling.
- Dæmi um spillingu.

# Hvers vegna er spilling mjög skaðleg ?

Spilling skaðar og skerðir réttindi og hagsmuni almennings.

- Grefur undan lýðræði, mannréttindum og réttarríkinu.
- Mismununar fólki á grundvelli félagslegrar stöðu, efnahags, skoðana o.fl.
- Vegur að líf skjörum almennings, eykur ójöfnuð og viðheldur fátækt.
- Bitnar mest og verst á þeim sem eru valdlausir og minnst fá og eiga.
- Leiðir til umhverfisspjalla, sóunar auðlinda og óréttlátrar skiptingar arðs.

# Transparency International – Alþjóðleg samtök gegn spillingu - Íslandsdeild TI

Samtökin Transparency International voru stofnuð árið 1992 og hafa um langa hríð verið ein stærstu alþjóðlegu samtökin sem vinna að heilindum í stjórnsýslu og viðskiptalífi. Samtökin eru óháð stjórnvöldum og eru ekki rekin til að skila hagnaði. Þau starfa í meira en 100 löndum og berjast gegn spillingu og því óréttlæti og samfélagslega skaða sem hún veldur.

Íslandsdeild Transparency International hefur nú verið stofnuð. Það er einbeittur ásetningur og von okkar sem að henni deildinni stöndum að henni muni vaxa hratt fiskur um hrygg og verða mjög gagnleg við stuðla að aukinni vitund í íslensku samfélagi um hvernig spilling birtist, hvernig hún skaðar hagsmuni almennings og þær aðferðir sem best duga til að verjast henni.

Veita valdhöfum aðhald. – Ráðherrum, alþingismönnum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, valdhöfum í viðskiptalífi og eigendum og stjórnendum fyrirtækja.

# Hvað þarf og er hægt að gera til að vinna gegn spillingu

## Mikilvæg atriði:

- Gagnsæi, ábyrgð valdhafa, tjáningarfrelsi, frjálsir fjölmiðlar, sjálfstæðir dómstólar, lögregla, ákærvald og fleiri eftirlitsstofnanir.

## Fjölpjórðlegar skuldbindingar:

- Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.
- GRECO: Samtök ríkja gegn spillingu á vegum Evrópuráðsins.
- Samningur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gegn mútubrotum í viðskiptum
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

## Vernd uppljóstrara.

# Uppljóstrarar – Vernd – Ný lög

Lög nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara (tóku gildi 1. jan. 2021).

- „Markmið laga þessara er að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku hátterni.“
- „Starfsmenn sem greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda þeirra, hvort sem þeir starfa hjá hinu opinbera eða á einkamarkaði.“
- Góð trú / þágu almennings / ámælisverð háttsemi.
- „Þrátt fyrir fyrirmæli laga, siðareglna eða samninga um þagnar- eða trúnaðarskyldu er starfsmanni sem býr yfir upplýsingum eða gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitanda hans heimilt að miðla slíkum upplýsingum og gögnum ...“

# Uppljóstrarar – Vernd – Ný lög

- „Starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga er skylt að miðla upplýsingum og gögnum skv. 1. mgr. Sama á við um starfsmenn lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera.“
- Innri uppljóstrun / Ytri uppljóstrun.
- „Móttakandi upplýsinga eða gagna skv. 1. og 2. mgr. skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum eða gögnum nema viðkomandi veiti afdráttarlaust samþykki sitt.“
- „Óheimilt er að láta starfsmann sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum... sæta óréttlátri meðferð. Til slíkrar meðferðar telst t.d. að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða ... .“



# Uppljóstrarar – Vernd – Ný lög

- „Í fyrirtækjum eða á öðrum vinnustöðum þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli skal atvinnurekandi í samráði við starfsmenn setja reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Reglurnar skulu vera skriflegar og þar skal kveðið á um móttöku, meðhöndlun og afgreiðslu tilkynninga um hugsanleg lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitandans. Reglurnar skulu vera aðgengilegar öllum starfsmönnum og mega á engan hátt takmarka rétt þeirra samkvæmt lögum þessum.“
- Ráðherra sem fer með starfsmannamál ríkisins setur reglur skv. 1. mgr. fyrir opinberar stofnanir og lögaðila í opinberri eigu. Sveitarstjórnir skulu setja reglur um þá vinnustaði sem undir viðkomandi sveitarfélag heyra. Vinnueftirlit ríkisins skal birta fyrirmynd að reglum fyrir aðra vinnustaði á vef sínum.
- Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með því að atvinnurekendur setji sér reglur samkvæmt þessari grein.

# Spurningar og umræður

Takk fyrir!